

**FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR
(ESB) 2020/2042****2022/EES/18/38****frá 11. desember 2020**

um breytingu á framkvæmdarreglugerð (ESB) 2020/464 að því er varðar daginn þegar reglugerðin kemur til framkvæmda og tilteknar aðrar dagsetningar sem skipta máli fyrir beitingu reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2018/848 um lífræna framleiðslu (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2018/848 frá 30. maí 2018 um lífræna framleiðslu og merkingu lífrænt ræktaðra vara og um niðurfellingu á reglugerð ráðsins (EB) nr. 834/2007 ⁽¹⁾, einkum 10. gr. (6. mgr.), 14. gr. (3. mgr.), 15. gr. (3. mgr.), 16. gr. (3. mgr.), 17. gr. (3. mgr.) og 26. gr. (d-liður 7. mgr.),

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Vegna uppkomu COVID-19-heimsfaraldursins og tengds hættuástands á sviði lýðheilsu var deginum þegar reglugerð (ESB) 2018/848 kemur til framkvæmda, svo og öðrum tengdum dagsetningum sem um getur í reglugerð (ESB) 2018/848, frestað um eitt ár með reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2020/1693 ⁽²⁾.
- 2) Í framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2020/464 ⁽³⁾ er mælt fyrir um tilteknar reglur um beitingu reglugerðar (ESB) 2018/848, einkum að því er varðar skjöl sem þörf er á vegna afturvirktrar viðurkenningar á tímabilum vegna aðlögunar, framleiðslu á lífrænum vörum ásamt upplýsingum sem aðildarríki eiga að láta í té. Í þágu réttarvissu ættu þessar reglur að gilda frá þeim degi sem reglugerð (ESB) 2018/848 kemur til framkvæmda.
- 3) Því er nauðsynlegt að samræma gildistökudag framkvæmdarreglugerðar (ESB) 2020/464 og aðrar dagsetningar sem af þeirri dagsetningu leiða í þeirri reglugerð við gildistökudag reglugerðar (ESB) 2018/848.
- 4) Því ætti að breyta framkvæmdarreglugerð (ESB) 2020/464 til samræmis við það.
- 5) Í ljósi þess að nauðsynlegt er að tryggja tafarlaust réttaröryggi fyrir lífræna geirann í tengslum við frestun gildistökudags framkvæmdarreglugerðar (ESB) 2020/464 ætti þessi reglugerð að öðlast gildi eins fljótt og auðið er.
- 6) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit nefndarinnar um lífræna framleiðslu.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Framkvæmdarreglugerð (ESB) 2020/464 er breytt sem hér segir:

- 1) Í stað annars málslíðar 4. mgr. 25. gr. kemur eftirfarandi:

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjttíð. ESB L 420, 14.12.2020, bls. 9. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 34/2022 frá 4. febrúar 2022 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn (bíður birtingar).

(1) Stjttíð. ESB L 150, 14.6.2018, bls. 1

(2) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2020/1693 frá 11. nóvember 2020 um breytingu á reglugerð (ESB) 2018/848 um lífræna framleiðslu og merkingu lífrænt ræktaðra vara að því er varðar daginn þegar hún kemur til framkvæmda og tilteknar aðrar dagsetningar sem um getur í þeirri reglugerð (Stjttíð. ESB L 381, 13.11.2020, bls. 1).

(3) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2020/464 frá 26. mars 2020 um tilteknar reglur um beitingu reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2018/848 að því er varðar skjöl sem þörf er á vegna afturvirktrar viðurkenningar á tímabilum vegna aðlögunar, framleiðslu á lífrænum vörum ásamt upplýsingum sem aðildarríki eiga að láta í té (Stjttíð. ESB L 98, 31.3.2020, bls. 2).

Þessar upplýsingar skulu lagðar fram eigi síðar en 30. júní á hverju ári og í fyrsta skipti eigi síðar en 30. júní 2023 vegna ársins 2022.“

- 2) Í stað orðanna „í síðasta lagi frá og með 1. janúar 2029“ í 1., 5., 6. og 7. mgr. 26. gr. koma orðin „í síðasta lagi frá og með 1. janúar 2030“.
- 3) Í stað orðanna „í síðasta lagi frá og með 1. janúar 2024“ í 2., 3. og 4. mgr. 26. gr. koma orðin „í síðasta lagi frá og með 1. janúar 2025“.
- 4) Í stað annarrar málsgreinar 27. gr. kemur eftirfarandi:

„Hún kemur til framkvæmda frá og með 1. janúar 2022“.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi daginn eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 11. desember 2020.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Ursula VON DER LEYEN

forseti.
